

Mál nr. 156/2020**M og
V v/ vátryggingar á seldum vörum.****Ágreiningur um bótaskyldu er ekið var á ryksugu í bílastæðahúsi.****Gögn.**

Málskot, móttekið 4.5.2020, ásamt fylgigögnum.
Svarbréf af hálfu V, ódagsett.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveður M að í byrjun apríl 2020 hafi ryksuga hans verið í bílageymslu („garage“) þegar eiginkona hans hafi að lokinni vinnu verið að leggja bifreið sinni í bílageymslunni og þá af slysnri rekist á ryksuguna svo hún hafi orðið fyrir skemmdum.

M hefur krafist bóta vegna skemmda á ryksugunni úr sérstakri vátryggingu hjá V sem hann mun hafa keypt hjá seljanda vörunnar, að því er ráða má af gögnum málsins, en nánar tilgreind vátryggingamiðlun, A, annast milligöngu um bótauppgjör samkvæmt vátryggingunni fyrir hönd V.

Í ódagsettu svari A f.h. V til nefndarinnar vegna málsins kemur fram að 18. mars 2020 hafi borist formleg skýrsla M vegna tjónsins, en þar sé tilgreint að ryksugan hafi skemmst 15. mars eftir að ekið hafði verið á ryksuguna í bílastæðahúsi. Það hafi verið mat tjónafulltrúa A að vátryggður hafi ekki sýnt nægilega aðgát við geymslu tækis og hafi þar með brotið gegn gr. 6.3 í skilmálum vátryggingarinnar. Sú grein hljóði svo: „Varúðarregla: Sýna skal eðlilega aðgætni við vörslu hins vátryggða tækis, t.d. skilja það ekki eftir á svæði þar sem augljós hættu er á tjóni og ganga eðlilega og skynsamlega frá tæki við flutninga eða aðra meðhöndlun.“ Hafi bótakröfu M því verið hafnað úr fyrrgreindri vátryggingu hjá V.

Álit.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Ekki er um það deilt, eins og málið liggur fyrir, að ryksugan hafi orðið fyrir skemmdum er eiginkona M lagði bifreið sinni í bílageymslu. Ekki er heldur deilt um það að fyrir hendi sé vátrygging sem tekur til tjónstilviks eins og hér um ræðir.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvernig aðstæður voru í bílageymslunni eða hvernig ryksugunni hafði verið komið þar fyrir. Engum skýrum gögnum er til að dreifa sem varpa ljósi á að tjónið verði rakið til þess að fyrrgreindri varúðarreglu hafi ekki verið fylgt eða að við M sé að sakast að varúðarreglunni hafi ekki verið fylgt. Í málinu hefur því ekki verið sýnt fram á af hálfu V að skilyrði séu að lögum til að fella ábyrgðina niður eða takmarka ábyrgðina að einhverju leyti vegna brots á varúðarreglu. M á því óskoraðan rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr vátryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.